



VINNUEFTIRLITID

Öryggistrúnaðarmenn, öryggisverðir
og innleiðing vinnuverndarstarfs

Spurningar og svör



Leiðbeiningar um vinnuvernd nr. 1/2012

Hvað er öryggistrúnaðarmaður?

Öryggistrúnaðarmaður er aðili sem er kosinn af samstarfsmönnum til að sinna vinnuverndarstarfi innan vinnustaðar þar sem starfsmannafjöldi er tíu eða fleiri.

Hann sinnir vinnuvernd í samvinnu við öryggisvörð og fylgist með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við vinnuverndarlögin.

Hvað er öryggisvörður?

Öryggisvörður er atvinnurekandi sjálfur eða aðili sem hann tilnefnir með fullu umboði til að sinna vinnuverndarstarfi innan vinnustaðar þar sem starfsmannafjöldi er tíu eða fleiri. Hann sinnir vinnuvernd í samvinnu við öryggistrúnaðarmann og fylgist með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við vinnuverndarlögin.

Hvað er öryggisnefnd?

Öryggisnefnd er það kallað þegar a.m.k. fjórir aðilar, tveir öryggisverðir og tveir öryggistrúnaðarmenn vinna saman að vinnuverndarmálum. Skipa skal öryggisnefnd þegar starfsmannafjöldinn er 50 eða fleiri.

Hvað ef starfsmannafjöldinn er á bilinu einn til níu?

Í litlum fyrirtækjum þar sem starfsmannafjöldinn er undir tíu, er ekki skylt að kjósa sérstakan öryggistrúnaðarmann, en það kann þó að vera æskilegt. Félagslegur trúnaðarmaður sinnir að öðrum kosti hlutverkinu ásamt atvinnurekanda. Í fyrirtækjum með færri en fimm starfsmenn sinnir atvinnurekandi vinnuverndarstarfi innan vinnustaðarins í nánu samstarfi við starfsmenn þess.

Hvað er félagslegur trúnaðarmaður?

Félagslegur trúnaðarmaður er trúnaðarmaður stéttarfélags. Hans hlutverk er að fylgjast með réttindamálum og er hlutverkið m.a. skilgreint í kjarasamningum. Félagslegir trúnaðarmenn taka þátt í samstarfi um vinnuverndarmál.

Í 12. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum er kveðið á um að félagslegir trúnaðarmenn starfsmanna eða trúnaðarmenn viðkomandi stéttarfélaga sjái um undirbúning og framkvæmd kosningar öryggistrúnaðarmanna. Í því felst ekki að þessir aðilar beri ábyrgð á að kosningin fari fram heldur eingöngu sjái um framkvæmdina. Ábyrgðin er hjá atvinnurekanda.

Hvað eiga öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir að gera?

Öryggistrúnaðarmönnum og öryggisvörðum á vinnustöðum ber að sinna ákveðnum störfum samkvæmt Vinnuverndarlögum og reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Eitt af mikilvægustu störfum þessara aðila er þátttaka í gerð “áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað”. Það er skylda allra vinnustaða að gera slíka áætlun sem er í daglegu tali kölluð “áhættumat starfa” en það er á ábyrgð atvinnurekanda að sjá til þess að það sé gert.

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir taka þátt í þessu verki og fylgjast með hvernig því er framfylgt. Mikilvægt er að allir starfsmenn komi sínum athugasemdum á framfæri. Áhættumatið er gert í samvinnu við stjórnendur, en atvinnurekandi er ávallt ábyrgur fyrir vinnuverndarstarfinu.

Hvaða fræðslu þurfa öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir?

Í reglugerð 920/2006 er kveðið á um að atvinnurekandi skuli sjá um að öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn fái viðeigandi fræðslu og þjálfun með því m.a. að sækja námskeið varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem gera þeim kleift að sinna hlutverki sínu.

Vinnueftirlit ríkisins gefur út leiðbeiningar varðandi þau atriði sem æskilegt er að fjallað sé um á námskeiðunum. Leiðbeinandi námsskrá er að finna á heimasíðunni: www.vinnueftirlit.is (undir flípanum námskeið). Vinnueftirlitið heldur grunnnámskeið í vinnuvernd fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði. Mörg styttri sérnámskeið eru einnig í boði fyrir þá sem vilja fræðast enn frekar um ákveðna málaflokka innan vinnuverndar og eru upplýsingar um þau að finna á heimasíðunni.

Fræðsla öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða miðar að því að gera þessa aðila færa um að sinna vinnuverndarmálum á vinnustaðnum. Þeir kynnast helstu reglugerðum og heyra af helstu vandamálum sem geta komið upp og dæmi um lausnir.

Námskeiðin eru skyldubundin fyrir þá sem kjörnir eru öryggistrúnaðarmenn og þá sem eru tilnefndir öryggisverðir á vinnustaðnum. Þeir eru betur í stakk búnir til að sinna skyldum sínum eftir að hafa sótt slíka fræðslu. Öll önnur fræðsla er af hinu góða fyrir þessa aðila en kemur ekki í stað þessa lögbundna námskeiðs. Námskeiðið er tveir dagar.

Hver ber ábyrgð á að koma vinnuverndarstarfinu í gang?

Það er atvinnurekandi sem ber höfuðábyrgð á að koma á vinnuverndarstarfi sem tekur til fyrirtækisins í heild og allra vinnuaðstæðna sem geta haft áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna. Honum ber að tryggja að samstarf um skipulag og framkvæmd

vinnuverndarstarfs geti orðið sem best og tekur þátt í því samstarfi. Með hliðsjón af framangreindri ábyrgð atvinnurekanda beinir Vinnueftirlitið kröfum að atvinnurekanda ef ákvæði reglugerðar nr. 920/2006 um kosningu öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða er ekki uppfyllt. Í framhaldinu er eðlilegt að atvinnurekandi veiki athygli trúnaðarmanna stéttarfélaganna á hlutverki sínu í undirbúningi að kosningu öryggistrúnaðarmanna.

Hvernig á að byrja?

Þetta hefst á því að atvinnurekandi hefur þann ásetning að taka vinnuverndarmálin föstum tókum í fyrirtæki sínu og uppfylla kröfur laga og reglna. Hann ætlar sér að koma í gang virku vinnuverndarstarfi og setur sér markmið um það. Næst kynnir hann áform sín fyrir starfsmönnum t.d. á fundi eða í tölvupósti og óskar eftir framboðum eða hugmyndum að aðilum og vísar málinu til félagslegra trúnaðarmanna. Ef engir áhugasamir bjóða sig fram til að taka að sér starf öryggistrúnaðarmanns leita félagslegir trúnaðarmenn að aðilum meðal starfsmanna.

Þegar framboð til öryggistrúnaðarmanns/-a liggja fyrir sjá félagslegir trúnaðarmenn eða trúnaðarmenn stéttarféлага um framkvæmd kosningar. Kosningin á að vara í að minnsta kosti einn vinnudag. Kosning á starfsmannafundi er einnig möguleiki en þá þarf að boða til fundarins með a.m.k. tveggja sólahringa fyrirvara. Allir starfsmenn fyrirtækisins eru kjörgengir og allir starfsmenn hafa kosningarétt nema stjórnendur.

Atvinnurekandi er sjálfur öryggisvörður eða skipar aðila í sinn stað með fullu umboði. Æskilegt er þá að skipaður öryggisvörður komi úr röðum stjórnenda því að þá er hann betur inni í þeim málefnum sem rædd eru og unnið er að.

Þegar aðilar hafa verið kjörnir og skipaðir er eðlilegt að hittast á fundi og fara yfir það sem öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir eiga að gera skv. vinnuverndarlögunum og skv. reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Það á að tilkynna kosninguna / skipunina

Atvinnurekandi skal tilkynna um nýja öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði til Vinnueftirlitsins á þar til gerðum eyðublöðum. Félagslegir trúnaðarmenn skulu tilkynna viðkomandi stéttarfélögum um sömu aðila. Vinnuverndarlögin, reglugerðir, eyðublöð og annað sem nota þarf í starfi öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir eru kjörnir og tilnefndir til tveggja ára í senn Eftir tvö ár þarf að endurnýja umboðið. Ef aðilar fallast á að halda áfram þá þarf að tilkynna um það aftur til Vinnueftirlitsins en annars þarf að kjósa að nýju og atvinnurekandi að skipa nýja aðila fyrir sína hönd.

Hvernig á að skipuleggja vinnuverndarstarfið í stórum fyrirtækjum?

Ef starfsemin fer fram í sjálfstæðum starfseiningum eða útibúum eins og t.d. í banka þarf að hugsa um hvort öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður hafi nægjanlega yfirsýn yfir starfsemina í öllum starfseiningunum. Þó starfsmannafjöldi útibús sé undir tíu er hægt að kjósa og tilnefna sérstaka öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði í slíkum útibúum í stað þess að útíbússtjóri/atvinnurekandi og félagslegur trúnaðarmaður sinni vinnuverndinni. Sum fyrirtæki kjósa að haga málum með þessum hætti og eru þá öryggistrúnaðarmaðurinn og öryggisvörðurinn hluti af einni stórrí öryggisnefnd fyrirtækisins. Öryggisnefndin getur einnig verið skipuð völdum fulltrúum úr hópi öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða sem eru þá í virkri samvinnu við þá sem ekki sitja í nefndinni.

Í stórum fyrirtækjum með dreifða starfsemi er eðlilegt að hafa einn eða tvo öryggistrúnaðarmenn og einn eða tvo öryggisverði í hverri einingu allt eftir fjölda starfsmanna og hugsanlega er þá einn úr hópnum, eða fleiri eftir atvikum, hluti af heildar öryggisnefnd fyrirtækisins.

Það eru ýmsar fleiri útfærslur mögulegar í þessu samhengi og geta stjórnendur ráðfært sig við starfsmenn Vinnueftirlitsins um hvernig þessu er best háttað.

Vinnuvernd sem hluti af daglegu starfi fyrir-tækja

Með því að kjósa öryggistrúnaðarmann úr sínum röðum nýta starfsmenn rétt sinn til að hafa áhrif á vinnuumhverfið og vinnuverndarstarfið og að geta komið á úrbótum í vinnuumhverfinu.

Mikilvægt skref hefur náðst í vinnuverndarstarfinu þegar fyrirtækinu og starfsmönnum þess tekst að flétta vinnuvernd inn í dagleg störf. Átaksverkefni, t.d. í hávaðavörnum, upplýsingaflæði eða hvernig gengið er um varasöm efni, eru af hinu góða en ættu að koma til viðbótar við daglega hugsun í vinnuvernd. Markmiðið er að starfsmenn jafnt sem stjórnendur hugi ávallt að öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum og leitist við að samþætta vinnuverndina sínum daglegu störfum.

Ávinningur af vinnuvernd

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að fjárhagslegur ávinningur af vinnuverndarstarfi er umtalsverður. Rannsókn meðal 300 fyrirtækja í 16 löndum leiddi í ljós að ávinningur af fjárfestingu í vinnuvernd skilaði sér rúmlega tvöfalt tilbaka (sjá www.issa.int, Bräuning og Kohstall, 2012). Í annarri stórrí rannsókn innan Evrópu var skoðaður fjárhagslegur ávinningur þeirra fyrirtækja sem móta sér stefnu í vinnuvernd og starfa samkvæmt henni. Ávinningurinn reyndist skila sér allt að þrefalt tilbaka. Þessar niðurstöður ættu að vera stjórnendum og starfsmönnum hvati til þess að vinna markvisst að vinnuvernd innan sinna fyrirtækja.

Gögn sem gott er að kynna sér og nota við að koma á vinnuverndarstarfi:

Lög um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980
Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr.
920/2006

Heimasíða Vinnueftirlitsins: www.vinnueftirlit.is en þar er að finna bæði lögin og reglugerðir ásamt ýmsu öðru efni sem nýtilegt er við undirbúning á vinnuverndarstarfi svo sem eyðublöð til að tilkynna um öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð.



Símanúmer: 550 4600

Netfang Vinnueftirlitsins: vinnueftirlit@ver.is

Eftirlitssvæði Vinnueftirlitsins eru fjögur:

Netföng á skrifstofum eru:

Vestursvæði: vestur@ver.is

Norðursvæði: nordur@ver.is

Austursvæði: austur@ver.is

Suðursvæði: sudur@ver.is



VINNUEFTIRLITIÐ

Aðalskrifstofa, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is
Heimasíða: www.vinnueftirlit.is